

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

38. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 16. júlí kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Elsa G. Borgarsdóttir, Karl Guðmundur Kjartansson, G. Birgir Ragnarsson.

Ragnheiður Baldursdóttir sótti fjarfund.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gættri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra í júlí 2021
2. Verkaskipting sveitarstjórnar – oddvitakjör
3. Fasteignir Langeyri – ráðstöfun húsnæðis
4. Fundargerð 20. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 6.7.2021
5. Erindi frá eigendum Ögurs dags. 22.6.2021
6. Erindi frá Vestfiski dags. 6.7.2021

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra í júlí 2021
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Verkaskipting sveitarstjórnar – oddvitakjör
Lagt til af sveitarstjórn að Samúel Kristjánsson verði áfram oddviti. Samþykkt samhljóða.
3. Fasteignir Langeyri – ráðstöfun húsnæðis
Sveitarstjórn leggur til að Bj.sv. Kofri og Slökkvilið Súðavíkurhrepps fái inn í nyrðri enda neðra hússins á Langeyri, í bilið sem hýsti Murr. Súðavíkurhreppur verði með eitt bil undir áhaldahús og rest hússins ráðstafað með leigu/sölu. Lagt til að skoðuð verði að ný staðsetning fyrir líkamsræktina í samráði við ungm.f. Geisla.
4. Fundargerð 20. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 6.7.2021
Sveitarstjórn staðfestir fundargerð 20. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar.
Sveitarstjórn vill áréttta með vísan til útgáfu byggingarleyfis að Langeyrarvegi að um er að ræða skipulagt iðnaðarsvæði á Langeyri.

5. Erindi frá eigendum Ögurs dags. 22.6.2021

Súðavíkurhreppur hefur ekki í höndum gögn sem styðja það að ólögleg starfsemi fari fram að Garðstöðum svo sem vikið er að í erindi dags. 22.6.2021.

Gerður er fyrirvari við það af hálfu sveitarstjórnar að fram fari förgun skipa og báta að Garðstöðum, eða annars staðar í Súðavíkurhreppi, enda liggur ekki fyrir að sótt hafi verið um starfsleyfi fyrir slíka starfsemi s.s. vegna Eiðs ÍS-126.

6. Erindi frá Vestfiski 6.7.2021

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur áherslu á að ekki verði samdráttur í starfsemi fyrirtækisins í Súðavík, hvað varðar fjölda starfa eða virði þeirra, enda hefur félagið verið vinnsluaðili og fengið úthlutun af byggðakvóta Súðavíkurhrepps.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:35

Elsa G. Hólm Borgarsdóttir

Elsa G. Hólm Borgarsdóttir

G. Birgir Ragnarsson

G. Birgir Ragnarsson

Ragnheiður Baldursdóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Karl Guðmundur Kjartansson

Samúel Kristjánsson

oddviti

Samúel Kristjánsson